



LISTASAFNIÐ Á AKUREYRI
AKUREYRI ART MUSEUM



2022

INNGANGUR

FOREWORD



Árið 2022 verður fjölbreytt og skemmtilegt ár í Listasafninu á Akureyri. Fræðslustarf með þriðjudagsfyrirlestrum, fjölskylduleiðsögn, almennri leiðsögn, smíðjum, tónleikum og fleiri viðburðum, auk allra sýninga safnsins.

Við hefjum árið með opnun á alþjóðlegri samsýningu og í kjölfarið koma ólíkar einkasýningar, yfirlitssýningar og nemendásýningar, sýningar á klassískum verkum og samtímamyndlist. Þannig ættu allir að finna eitthvað við sitt hæfi og fá um leið tækifæri til að uppgötva nýja og óvænta hluti.

Fastir liðir, en um leið síbreytilegir, eins og *Sköpun bernskunnar* og *A! Gjörningahátíð* eru á dagskránni, en einnig nýjar sýningar með ungum og eldri listamönnum. Á næstu síðum er hægt að sjá yfirlit yfir allar sýningar ársins, auk þeirra sýninga sem eru nú þegar í söllum safnsins.

Við leggjum ríka áherslu á að taka á móti skólahópum og öðrum hópum og bjóðum upp á fróðlega og skemmtilega safnkennslu. Leikskólabörn og nemendur grunnskólanna taka einnig virkan þátt í starfi Listasafnsins með beinni þátttöku í sýningum og smíðjum. Nemendur framhaldsskólanna, Myndlistaskólans, háskólanna sem og Listaháskólans, eru einnig tíðir gestir í safninu og það er afar gleðilegt.

Við höfum endurbætt safnbúðina okkar og þar fást nú fjölbreyttir hlutir ásamt bókum og listaverkum. Allt þetta, ásamt dásamlegu kaffihúsi, gerir heimsókn í Listasafnið að ánægjulegri upplifun fyrir gesti á öllum aldri.

Listasafnið á Akureyri er mikilvægur hluti af Akureyri sem menningar- og skólabæ, bæ sem er opin fyrir nýjungum og laðar til sín forvitna gesti. Listagilið, sem staður fyrir grasrótina með sýningarrýmum listamanna, gestavinnustofum og alls konar listsköpun, er tilvalinn staður að sækja heim.

Verið velkomin í Listasafnið og Listagilið, alla daga ársins.

Hlynur Hallsson, safnstjóri.

2022 will be a diverse and fun year at the Akureyri Art Museum. Museum education along with lectures, guided tours, workshops, concerts and other events, as well as all the exhibitions.

We will start the year by opening an international group exhibition, followed by different solo exhibitions, retrospectives and student exhibitions, exhibiting both classical work and contemporary. Everyone should find something to their liking and discover new and unexpected things.

Regular events, but at the same time ever-changing, such as the exhibition *Creation of Childhood* and *A! Performance Festival* are planned, as well as exhibitions of works by up-and-coming and experienced artists. On the following pages you can see a summary of all the exhibitions that are planned, as well as those that are already open.

Visits from the local schools are very important for us. We offer a museum education program that is both fun and informative, for various groups of guests. Children from the local playschools and elementary schools also participate in exhibitions and workshops. Students from the secondary schools, art school, University of Akureyri and Iceland University of the Arts, are also frequent visitors at the museum.

We recently made some improvements in our museum store, where one can find a variety of things, books and art. All this, and a wonderful café, will make a visit to the museum a pleasant experience for guests of all ages.

Akureyri Art Museum is an important part of Akureyri as a town of culture and education, that is open to innovations and attracts interested guests. Art Street is a place that celebrates the grassroot through artist run exhibition spaces, artist residences and all kinds of creativity.

We welcome everyone to the Akureyri Art Museum, every day, all year.

Hlynur Hallsson, director of Akureyri Art Museum.

SÝNINGAR

EXHIBITIONS

Salir Galleries

29.01.2022 – 22.05.2022 01 02 03 04 05

SAMSÝNING GROUP EXHIBITION
Nánd Embrace

19.02.2022 – 21.08.2022 07

VALIN VERK FYRIR SKÖPUN OG FRÆÐSLU SELECTED WORKS FOR CREATION AND EDUCATION
Form í flæði I Flowing Forms I

19.02.2022 – 24.04.2022 10 11

SAMSÝNING GROUP EXHIBITION
Sköpun bernskunnar 2022 Creation of Childhood 2022

07.05.2022 – 15.05.2022 10

MYNDLISTASKÓLINN Á AKUREYRI AKUREYRI SCHOOL OF VISUAL ARTS
Sjónmennt 2022 Visual Art Studies 2022

07.05.2022 – 15.05.2022 11

VMA THE AKUREYRI COMPREHENSIVE COLLEGE
Útskriftarsýning 2022 Final Projects 2022

02.06.2022 – 11.09.2022 01 02 03 04 05

SAMSÝNING GROUP EXHIBITION
Svarthvitt Black and White

02.06.2022 – 25.09.2022 10 11

GÚSTAV GEIR BOLLASON
Sandtímasálmur um fölnandi jarðarblóm Sandtime Psalm of Fading Earth Flowers

02.06.2022 – 14.08.2022 12

AUÐUR LÓA GUÐNADÓTTIR
Forvera Predecession

27.08.2022 – 13.08.2023 06

STEINUNN GUNNLAUGSDÓTTIR
blóð & heiður blood & honour

27.08.2022 – 18.02.2023 07

VALIN VERK FYRIR SKÖPUN OG FRÆÐSLU SELECTED WORKS FOR CREATION AND EDUCATION
Form í flæði II Flowing Forms II

27.08.2022 – 12.03.2023 12

EGILL LOGI JÓNASSON
Pitt besta er ekki nóg Your Best Is Not Enough

24.09.2022 – 15.01.2023 01

REBEKKA KÜHNIS
Innan víðáttunnar Out There Inside

24.09.2022 – 15.01.2023 02 03 04 05

KRISTINN G. JÓHANNSSON
Málverk Paintings

06.10.2022 – 09.10.2022 10 11

A! GJÖRNINGAHÁTÍÐ A! PERFORMANCE FESTIVAL

19.11.2022 – 27.11.2022 10 11

VMA THE AKUREYRI COMPREHENSIVE COLLEGE
Útskriftarsýning 2022 Final Projects 2022

03.12.2022 – 20.11.2023 08

SAFNEIGN LISTASAFNS HÁSKÓLA ÍSLANDS UNIVERSITY OF ICELAND ART COLLECTION
Stofn Foundation

03.12.2022 – 12.03.2023 09

KRISTÍN JÓNSDÓTTIR FRÁ MUNKABVERÁ
Vatnið og landið The Water and The Land

03.12.2022 – 29.01.2023 10 11

SAMSÝNING GROUP EXHIBITION
Solander 250: Bréf frá Íslandi Solander 250: A Letter from Iceland

SAFNBÚÐ
LISTASAFNSINS

Gjafavörur
Bækur
Myndir
Munir
Kort
Plaköt
Bolir


Opið alla daga kl. 12-17

VINIR
LISTASAFNSINS

Vínafélag Listasafnsins á Akureyri er félag áhugafólks um myndlist og er tilgangur þess að efla starfsemi safnsins

Skráning og allar upplýsingar má finna á

listak.is



YFIRSTANDANDI SÝNINGAR
ONGOING EXHIBITIONS

		Salir	Galleries
– 06.02.22			10
Erling T. V. Klingenberg punktur, punktur, punktur dot, dot, dot			
– 06.02.22			11
Karl Guðmundsson Líflínur Lifelines			
– 13.02.22			07
Samsýning Group exhibition Valin verk fyrir sköpun og fræðslu Selected works for creation and education			
– 15.05.22			12
Hekla Björt Helgadóttir Villiljóð The Wild Poem			
– 14.08.22			06
Ragnar Kjartansson Undirheimar Akureyrar The Underworld of Akureyri			
– 20.11.22			08 09
Valin verk úr Listasafni ASÍ ASÍ Art Museum´s Collection Gjöfin til íslenzkrar alþýðu The Gift to The People			



Birgir Snæbjörn Birgisson, úr verkaröðinni *Sannleikur* / From the series *Truth*, 2019.

NÁND EMBRACE

Samsýning Group exhibition

29.01.2022 – 22.05.2022

Á *Nánd* er athyglinni beint að innri rökfærslu listmálunar, sem er staðsett, skuldbundin og innbyggð. Á sýningunni fellur allt saman í þeim tilgangi að skapa og miðla stöðum og aðstæðum fyrir málverk til að vera og verða – að anda inn og anda út, með áhorfandanum og staðnum.

Markmiðið er að yfirgefa hugmyndina um fjarlægt hlutleysi og færa sig nær þátttökureynslu – hinni krefjandi en ánægjulegu leið frá aðskilnaði til nándar, frá fjarveru til þátttöku.

„Sýningin mun bjóða þér að vera með. Breytum sjónarhorninu og látum koma okkur á óvart. Einbeitum okkur að því sem er einstakt, sem hvetur okkur til að njóta tilrauna sem færa okkur á áður óþekkta staði. *Nánd* hvílir í ánægjunni við að skapa og miðla stöðum og aðstæðum til að vera með málverkum.“

Þátttakendur: Birgir Snæbjörn Birgisson (ISL), Emil Holmer (SWE), Heidi Lampenius (FIN), Onya McCausland (UK), Miikka Vaskola (FIN), Þórdís Erla Zoëga (ISL).

Sýningarstjóri: Mika Hannula.

The exhibition *Embrace* focuses on the internal logic of the painterly acts that are situated, committed and embedded. It is an exhibition in which all parts come together with the aim of creating and generating sites and situations for paintings to not only be but to become – to breath in, and to breath out, with the viewers and the site.

The aim is to get away from the idea of distanced neutrality and start moving towards participatory analog experience – the demanding but pleasurable road from detachment to proximity, from absence to engagement.

“This exhibition will ask you to join in. Let’s alter the perspective and bring in elements of surprises. Let’s focus on singular and unique, allowing and encouraging us to enjoy experiments that take us somewhere where we have not yet been. *Embrace* inhabits the pleasure principle for creating and generating sites and situations to be with paintings.”

Participants: Birgir Snæbjörn Birgisson (ISL), Emil Holmer (SWE), Heidi Lampenius (FIN), Onya McCausland (UK), Miikka Vaskola (FIN), Thordis Erla Zoëga (ISL).

Curator: Mika Hannula.



Frá safnfræðslurými / From Museum education gallery.

FORM Í FLÆÐI I – II

FLOWING FORMS I – II

Salur Gallery 07

Valin verk fyrir sköpun og fræðslu

Selected works for
creation and education

19.02.2022 – 21.08.2022 27.08.2022 – 18.02.2023

Í safnfræðslurými Listasafnsins eru haldnar ýmiss konar listsmíðjur og þar gefst safngestum einnig færi á að doka við og skapa sína eigin list í fallegu og skapandi umhverfi.

Í rýminu eru reglulega settar upp sýningar, bæði með afrakstri úr listsmíðjunum og með verkum úr safneign Listasafnsins. Þau verk, ásamt verkum á öðrum sýningum safnsins, geta gestir notað sem innblástur í eigin sköpun, þó að valið sé að sjálfsögðu frjálst. Öll sköpun er góð, en að skapa í listasafni er einstök upplifun. Hægt er að nota listaverkin á veggjunum sem fyrirmynd og blanda saman litum og áhrifum úr ólíkum verkum. Liti, form og línur er hentugt að nota á pappírinn sem er á borðinu fyrir safngestina, jafnvel þó listaverkin kunni að vera gerð úr öðrum efniviði. Innihald verkanna miðast við þema hverrar sýningar.

Various kinds of workshops are held at Akureyri Art Museum, in the space dedicated to museum education. The space is also good for creating your own art in beautiful and creative surroundings.

Exhibitions are regularly installed in this space, showing both products from the workshops and selected works from the museum's collection. Guests can be inspired by these works and other works in the museum, they are of course free to choose. All creation is good, creating in a museum is however a unique experience. The art-works on the walls can be used as models and one can mix together the colors and influences from different works. Colors, forms and lines are good for the paper on the table, which is meant for museum guests, even though the artworks are made out of different material. The subject-matter of the selected works is according to the theme for each exhibition.



Helgi Þorgils Friðjónsson, *Ferðalag með snúningi jarðar*, 2021.

SKÖPUN BERNSKUNNAR 2022

CREATION OF CHILDHOOD 2022

Salir Galleries 10 11

Samsýning

Group exhibition

19.02.2022 – 17.04.2022

Þetta er níunda sýningin undir heitinu *Sköpun bernskunnar*. Hún er sett upp sem hluti af safnfræðslu, með það markmið að gera sýnilegt og örva skapandi starf barna á aldrinum fimm til sextán ára. Þátttakendur hverju sinni eru skólabörn og starfandi myndlistarmenn. Þátttakendurnir vinna verk sem falla að þema sýningarinnar, sem að þessu sinni er *fuglar og önnur dýr*.

Myndlistarmennirnir sem boðin var þátttaka í ár eru Aðalheiður S. Eysteinsdóttir og Helgi Þorgils Friðjónsson. Þau eru bæði landsþekkt fyrir list sína; skúlptúra og málverk, af fólki og dýrum. Skólarnir sem taka þátt að þessu sinni eru leikskólinn Lundarsel og grunnskólarnir Hlíðarskóli, Oddeyrarskóli og Hríseyjarskóli, sem og Minjasafnið á Akureyri / Leikfangahúsið.

Leikskólabörnin vinna sín verk á Listasafninu undir handleiðslu Aðalheiðar og Guðrúnar Pálínu Guðmundsdóttur, fræðslufulltrúa og sýningarstjóra. Myndmenntakennarar grunnskólanna sem taka þátt stýra þeirri vinnu, sem unnin er sérstaklega fyrir sýninguna, í samstarfi við nemendur.

Sköpun bernskunnar hlaut öndvegisstyrk Safnaráðs 2020 til þriggja ára.

Sýningarstjóri: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir.

This is the ninth exhibition with the title *Creation of Childhood*. As part of the museum education the aim is to present and stimulate creative work and creative thinking of school children from the age of five to sixteen.

Participants each time are children and artists who create works according to the theme, which this time is *birds and other animals*.

Participating artists this year are Aðalheiður S. Eysteinsdóttir and Helgi Þorgils Friðjónsson. They are both well known for their art, sculptures and paintings of people and animals. Participating playschool is Lundarsel and the elementary schools Hlíðarskóli, Oddeyrarskóli and Hríseyjarskóli, as well as Akureyri Museum / Toy Museum.

Children from the playschool create their work at the museum under guidance from Aðalheiður S. Eysteinsdóttir and Guðrún Pálína Guðmundsdóttir, who is the museum teacher and curator. Art teachers from the elementary schools cooperate with their students in creating the works they will exhibit.

Creation of Childhood was in 2020 allotted a three-year honors grant from The Icelandic Museum Fund.

Curator: Guðrún Pálína Guðmundsdóttir.

MYNDLISTASKÓLINN Á AKUREYRI

AKUREYRI SCHOOL OF VISUAL ARTS

Salur Gallery 10



Sjónmennt 2022

Nemendasýning
Myndlistaskólans á Akureyri

Visual Art Studies 2022
Students from
The Akureyri School of Visual Arts

07.05.2022 – 15.05.2022

Það dylst engum, sem skoðar verk þeirra myndlistarmanna og hönnuða sem brautskráðir eru að loknu þriggja ára námi í sérnámsdeildum Myndlistaskólans á Akureyri að þar eru á ferð sterkir einstaklingar sem taka fag sitt alvarlega og hagnýta sér til fulls þá reynslu sem þeir hafa öðlast.

Sjálfskoðun er mikilvæg og gerir þá kröfu til nemandans að hann nái að yfirstíga nánd sína og birta viðfangsefni sitt á þann hátt að það vekir áhuga áhorfandans. Það getur verið snúið, en styrkleiki nemandans felst í hnitmiðaðri, myndrænni framsetningu verkanna og kunnáttu til að miðla henni á sem sterkastan hátt til áhorfandans. Myndræn framsetning verkanna er hluti af hugmyndinni og gegnir lykilhlutverki í að miðla áhrifunum til áhorfandans.

No one who observes the work of the artists and designers who graduate after three years of specialized studies at the Akureyri School of Visual Arts is in doubt that they are strong individuals who take their profession seriously and take full advantage of the experience they've gained.

The students' strength lies in a focused, visual presentation of artwork and skill as well as communicating that to the viewer in as powerful a manner as possible. The works' visual presentation is a part of the idea and plays a key role in communicating the influence to the viewer.



Útskriftarsýning 2022

Nemendur listnáms- og hönnunarbautar VMA

Final Projects 2022

Visual art and textiles students at VMA -
The Akureyri Comprehensive College

07.05.2022 – 15.05.2022 19.11.2022 – 27.11.2022

Sýningar á lokaverkefnum nemenda hafa lengi verið fastur liður í starfsemi listnáms- og hönnunarbautar Verkmenntaskólans á Akureyri. Sýningarnar eru tvær yfir árið, annars vegar í lok vorannar og hins vegar í lok haustannar. Þetta er sjöunda árið í röð sem þær eru haldnar í samstarfi við Listasafnið á Akureyri.

Við undirbúning slíkra sýninga velja nemendur sér verkefni eftir áhugasviði, þar sem þeim gefst tækifæri til að kynna sér nýja miðla eða dýpka skilning sinn á þeim sem þeir hafa áður kynnst.

Að baki verkanna liggur hugmynda- og rannsóknarvinna og leita nemendur víða fanga í eigin sköpunarferli, allt eftir því hvað hentar hverri hugmynd og þeim miðli sem unnið er með. Samhliða öðru námi fá nemendur eina önn til að vinna að lokaverkefnum sínum og uppsetningu sýningar í samtali og samvinnu við leiðsagnarkennara og samnemendur, þar sem frumkvæði, hugmyndaauðgi og öguð vinnubrögð eru lögð til grundvallar.

It has become a tradition to exhibit the final projects of Akureyri Comprehensive College's art and design students at the Akureyri Art Museum. Two exhibitions are held every year, one at the end of the spring term and one at the end of the fall term. This is the seventh year in a row that these exhibitions are held in cooperation with Akureyri Art Museum.

When preparing for these exhibitions, students choose an assignment based on their field of interest and have the opportunity to deepen their understanding of mediums which they have encountered before or acquaint themselves with new ones. The students have gone through the idea and research phase in the artistic process, and they search high and low for data for their own creative process, depending on what is suitable for each idea and each medium.

Alongside their other studies the students have one semester to work on their final assignments and set up the exhibition in cooperation with an instructor and the other students. The values, on which this process is based, are initiative, creative thinking, and disciplined work methods.

ÞRIÐJUDAGSFYRIRLESTRAR

Þriðjudagsfyrirlestrar fara
fram í Ketilhúsinu
kl. 17–17.40

1. febrúar
Jónína Björg Helgadóttir
myndlistarkona

8. febrúar
Melanie Clemmons
myndlistarkona

15. febrúar
Ingunn Elísabet Hreinsdóttir
danskennari

22. febrúar
Rósa Kristín Júlíusdóttir
myndlistarkona

1. mars
Margrét Katrín Guttormsdóttir
vöruhönnuður

8. mars
Tricycle Trauma: Jasmin
Dasović og Ivana Pedljo
gjörningalistamenn

15. mars
Vala Fannell
leikstjóri

22. mars
Aaron Mitchell
myndlistarmaður

Verið velkomin
Aðgangur ókeypis



SMIÐJUR

Margskonar smiðjur fyrir
unga sem
aldna eru haldnar
endurgjaldslaust árið
um kring í Listasafninu

Skráning og allar
upplýsingar má finna á
listak.is

FRÆÐSLUSTARF

Fræðslustarf Listasafnsins er
ætlað alls konar hópum,
s.s. skólahópum, vinahópum
og vinnustaðahópum

Heimsóknir eru bókaðar á
palina@listak.is





Christopher Taylor, *Steinholt Kitchen View*, 2020.

SVARTHVÍTT BLACK AND WHITE

Salir Galleries 01 02 03 04 05

Samsýning Group exhibition

02.06.2022 – 11.09.2022

Andstæður og ólíkir hlutir, viðhorf og sjónarhorn. Það sem skilur okkur að getur einnig tengt okkur saman. Fimm listamenn sem vinna með svart-hvítar ljósmyndir eiga verk á þessari sýningu. Listamennirnir nálgast viðfangsefnin á ólíkan hátt og myndefnin eru einnig margvísleg: landslag, fólk, sögur, staðir og stemning. Andstæður og ógnir, rólegheit og væntumþykja og fjölmargar vísanir í daglegt líf, ævintýri, menningu, hið óþekkt og hið kunnuglega. Bakgrunnur þeirra er fjölbreyttur, sem kemur glögglega fram í verkunum. Á sama tíma er margt sem sameinar þau, þegar betur er að gáð.

Þátttakendur: Agnieszka Sosnowska, Christopher Taylor, Katrín Elvarsdóttir, Páll Stefánsson og Spessi.

Sýningin er hluti af Listahátíð í Reykjavík.

Sýningarstjóri: Hlynur Hallsson.

Opposites and different things, attitudes, and perspectives. What separates us can also connect us. This exhibition consists of works by five artists who work with black and white photography. The artists approach their subjects in diverse ways, and the art is various: landscape, people, stories, places, and atmosphere. Opposites and fears, quietness and affection, and several references to daily life, adventures, culture, the unknown and the familiar. Their background is diverse, which is manifested in their works. At the same time, when looking more closely, there are also several things that unite them.

Participants: Agnieszka Sosnowska, Christopher Taylor, Katrín Elvarsdóttir, Páll Stefánsson and Spessi.

The exhibition is a part of Reykjavík Art Festival.

Curator: Hlynur Hallsson.



Stöð, 2021 (hluti úr verki / detail).

GÚSTAV GEIR BOLLASON



Salir Galleries 10 11

Sandtímasálmur um fölnandi jarðarblóm

Sandtime Psalm of Fading Flowers

02.06.2022 – 25.09.2022

„Teiknimyndir og lifandi myndir af jurtaleifum, ryki og rusli. Einnig blendingshlutir sem *jarðtengjast* í hugmynd um mæli- og farartæki, sem og skjól eða holur sem verða til í skemmdu landslagi. Alls staðar er sandurinn, sýnilegur eða ósýnilegur: í steiptum veggjunum, sjóntækjunum, símanum, landfyllingunni. Hreyfingar blómanna í teiknimyndunum verða flöktandi í hröðuninni. Inn á milli mynda; ekkert. Tóm eða fjarvist, andleg.

Í lifandi vídeómyndum birtast gróðurleifar í uppstillingu er hreyfist mishratt í vélrænni hringrás ljóss og skugga, þar sem allt líður hjá, hraðar og hraðar, og verður ógreinilegra. Hverfulir svipir í hverfandi tíma og rúmi. Samruni einskis og veruleikans. Skúlptúrar sem hluti af innsetningu lýsa kyrrstöðu. Verkin verða hugleiðing um hið sýnilega: hreyfingu, hröðun, tíma og eyðingu.“

Gústav Geir Bollason (f. 1966) fæst við teikningar og tilraunavikmyndir auk skúlptúrverka. Hann rekur einnig óhefðbundið sýningarými á Hjalteyri við Eyjafjörð.

“Animation and video of wilting plants, dust and garbage. Also, hybrid things which become grounded in an idea about measuring devices and vehicles, as well as shelters or holes that appear in damaged landscape. The sand is everywhere, visible or invisible: in the concrete walls, the optical equipment, telephone and in the landfill. The movements of the animated flowers flicker and accelerate. In-between pictures; nothing. Emptiness or absence, mental.

In video footage, withering plants appear in an arrangement that moves at a different speed in a mechanical circulation of light and shadow where everything passes, faster and faster, and becomes vague. Fleeting expressions in a fading time and space. A fusion of nothing and reality. Sculptures as a part of an installation expose a standstill.”

Gústav Geir Bollason (born 1966) works with the media of drawing, experimental film, and sculpture. He also runs an unconventional exhibition space in Hjalteyri, Eyjafjörður.

AUÐUR LÓA GUÐNADÓTTIR



Forvera
Predecession

02.06.2022 – 14.08.2022

Auður Lóa Guðnadóttir (f. 1993) er myndlistarmaður sem leikur sér á landamærum hins huglæga og hlutlæga, skúlptúrs og teikningar, listar og veruleika. Hún vinnur markvisst með hversdagsfyrirbæri og fígúratíft myndmál, sem hún sækir í forna jafnt og nýliðna sögu. Auður Lóa leitast við að virkja sjálf listaverkin, ætíð þó sem fyrirbæri í sínu eigin félagslega umhverfi. Á sýningunni *Forvera* heldur hún áfram á þeirri braut, en heimilisbúnaður og skrautmunir frá ýmsum tímamörkum sögunnar eru að þessu sinni í brennidepli.


Auður Lóa útskrifaðist af myndlistarsviði Listaháskóla Íslands 2015. Síðan þá hefur hún starfað sjálfstætt, í samstarfi við aðra listamenn og tekið þátt í sýningum, s.s. *Leikfimi* í Safnasafninu, *Djúpprýstingi* í Nýlistasafninu og *Allt á sama tíma* í Hafnarborg. Hún hlaut hvatningarverðlaun Myndlistarráðs 2018 fyrir sýninguna *Díana, að eilífu*, sem hún tók þátt í og stýrði. Vorið 2021 opnaði hún sína fyrstu stóru einkasýningu í D-sal Listasafns Reykjavíkur, *Já / Nei*, sem samanstóð af yfir 100 skúlptúrum úr pappmassa.

Auður Lóa Guðnadóttir (born 1993) is an artist that plays on the border of the objective and the subjective, of sculpture and drawing, art, and reality. She works with mundane phenomena, figurative imitation, and the visual language of both ancient and recent history. She seeks to activate the artwork itself, but always as an object in its own social environment. She continues to follow this path in the exhibition *Predecession* as she focuses on household items and decorative objects from various points in history.

Auður Lóa graduated from the fine arts department of Iceland University of the Arts in 2015. Since then, she has worked independently as well as in collaboration with other artists; she has been involved in group exhibitions such as *Leikfimi* in Safnasafnið, *Pressures of The Deep* in The Living Art Museum, and *Everything at The Same Time* in Hafnarborg. She was the recipient of the Motivational Award of the Icelandic Visual Arts Council in 2018, for the exhibition *Diana Forever*, which she curated and participated in. In the spring of 2021, she opened her first big solo exhibition, *Yes / No*, in Gallery D at the Reykjavík Art Museum, which consisted of more than one hundred paper-mâché sculptures.



JÁ / NEI YES / NO, 2021 (hluti úr verki / detail).



Án titils / No title, 2021 (hluti úr verki / detail).

STEINUNN GUNNLAUGSDÓTTIR

Salur Gallery 06



blóð & heiður

blood & honour

27.08.2022 – 13.08.2023

Verkið samanstendur af fjórum fánum sem blakta á fánastöngum á svölum Listasafnsins. Fánarnir eru afrakstur tilraunar, þar sem þrír þættir voru bræddir saman: íslenski þjóðfáninn, leturgerðin Comic Sans og þeir stafir íslenska stafrófsins sem tákna hljóðin sem fólk gefur frá sér við sársauka: A, Á, Ó, Æ.

Steinunn Gunnlaugsdóttir (f. 1983) útskrifaðist frá myndlistadeild Listaháskóla Íslands vorið 2008 og tók þátt í listnámi í menningarstofnuninni Ashkal Alwan í Beirút í Líbanon veturinn 2013-2014.

Af gáskablandinni alvöru tekst hún á við hin fjölmörgu hugmyndafræðilegu og siðferðislegu kerfi sem mannskepnan skapar, fæðist inn í, lifir við og berst gegn. Með því að skoða og berhátta grunnstoðir hins siðmenntaða mannheims verður til efniviður fyrir tilraunir Steinunnar til að ávarpa samtímann.

Steinunn var tilnefnd til Íslensku myndlistarverðlaunanna sem listamaður ársins 2018. Árið 2021 fékk hún verðlaun úr styrktarsjóði Richard Serra fyrir framlag sitt til skúlptúrlistar.

The work consists of four flags that flutter on flagpoles on the balcony of Akureyri Art Museum. The flags are the product of an experiment where three factors were joined: the Icelandic national flag, the font Comic Sans and the letters from the Icelandic alphabet that represent the sounds that people make when they feel pain: A, Á, Ó, Æ.

Steinunn Gunnlaugsdóttir (born 1983) graduated from the Visual Arts Department of Iceland University of the Arts 2008 and studied at the Ashkal Alwan cultural institution in Beirut, Lebanon 2013-2014.

With a mix of merriment and seriousness she tackles the multiple ideological and ethical systems that humans create, are born into, tolerate and fight against. By observing and deconstructing the basis of the civilized human world she creates material for her attempts to address the present.

Gunnlaugsdóttir was nominated for the Visual Art Award as the artist of the year 2018. In 2021 she received a prize from the Richard Serra fund for her contribution to sculpture.



EGILL LOGI JÓNASSON



Pitt besta er ekki nóg Your Best Is Not Enough

27.08.2022 – 12.03.2023

„Það er maður, það er ungur maður, það er unglingur. Í stærsta herberginu í minnsta húsinu hangir mynd af ljóni. Ljónið heldur á minna ljóni. Það ljón heldur um halann á sér og myndar endalausa hringrás ráns og dýra. Fyrir utan gluggann blæs vindurinn sérstaklega kröftuglega á veru sem leitar skjóls í hálfbyggðu bakhúsi. Tónlistin tórir, að hluta til.“


Egill Jónasson (f. 1989), sem einnig er þekktur sem *Drengurinn fengurinn*, býr og starfar á Akureyri. Hann útskrifaðist úr Myndlistaskólanum á Akureyri 2012 og lauk BA í myndlist í Listaháskóla Íslands 2016. Egill vinnur með ýmsa miðla, eins og tónlist, málverk, klippimyndir, gjörninga og vídeóverk. Hann er einn af aðstandendum listhópsins Kaktuss.

“There is a man, there is a young man, there is a teenager. In the biggest room of the smallest house hangs a picture of a lion. The lion is holding a smaller lion. That lion carries its tail, thereby forming an endless circulation. Outside the window the wind blows vigorously on a being, who is seeking shelter in an unfinished outbuilding. The music lingers, partly.”

Egill Jónasson (born 1989), also known as *Drengurinn fengurinn*, lives and works in Akureyri. He graduated from Akureyri School of Visual Arts 2012 and finished a BA degree from Iceland University of The Arts 2016. Jónasson uses various media in his art creations such as music, performance, and video. He is a member of the Kaktus artgroup.



Lífið er ljúft / Life Is Sweet, 2021 (hluti úr verki / detail).



Mælifell, 2021, (hluti úr verki / detail).

REBEKKA KÜHNIS



Salur Gallery 01

Innan víðáttunnar Out There Inside

24.09.2022 – 15.01.2023

„Ég hef alla tíð haft listræna þörf fyrir að leysa upp umhverfi mitt, eða í það minnsta að umbreyta því í eitthvað loftkenndara og óljósara. Ég upplifi íslenska náttúru sem ósnortna og ekki eins skilgreinda og afmarkaða eins og náttúruna í heimalandi mínu. Það er eins og allt sé kvíkt og breytilegt og að ég sé hluti þess alls. Þessi skynjun birtist í túlkun minni á íslensku landslagi. Verkin einkennast af fjölmörgum viðfangsefnum, s.s. tvíræðni, gagnsæi, hreyfingu og marglögun. Kannanir á möguleikum línulegrar framsetningar leika stórt hlutverk í þessu samhengi. Hingað til hef ég aðallega notað grafíska tækni í verkum mínum, en á þessari sýningu mun ég í fyrsta sinn sýna olíumálverk.“

Rebekka Kühnis (f. 1976) er frá Windisch í Sviss og útskrifaðist með meistaraþráðu í listkennslufræðum frá Hochschule der Künste í Bern. Síðan hefur hún starfað sem listakona og myndlistarkennari. Hún flutti til Akureyrar 2015.

“I have always felt a need to artistically dissolve my environment, or at least to transform it into something less rigid, lighter, more ambiguous. In Icelandic nature I found, in contrast to my country of origin, something pristine, less defined, less determined. As if everything around me was vibrant, in process of transformation and me being a part of it. This perception is present in my interpretation of Icelandic landscapes, which is characterized by a pictorial representation of something multilayered, ambiguity, transparency, and movement. In this context, the exploration of options in linear representation plays a key role. While having mostly used graphic techniques so far, this exhibition will show oil paintings as well.”

Rebekka Kühnis (born 1976) grew up in Windisch, Switzerland. She studied at the Hochschule der Künste, Bern, where she earned a Master's degree in Art & Education. She has since worked as an artist and art teacher. In 2015 she moved to Akureyri.



Haustsól í heiðinni, 2021.

KRISTINN G. JÓHANSSON



Málverk Paintings

24.09.2022 – 15.01.2023

Kristinn G. Jóhannsson (f. 1936) er Akureyringur. Stúdent frá MA 1956. Nam myndlist á Akureyri, Reykjavík og Edinburgh College of Art. Lauk kennaraprófi 1962. Starfaði við kennslu og skólastjórn í tæpa fjóra áratugi. Kristinn efndi til fyrstu sýningar sinnar á Akureyri 1954, en sýndi fyrst í Reykjavík 1962 í Bogasal Þjóðminjasafnsins og sama ár tók hann í fyrsta sinn þátt í *Haustsýningu FÍM* í Listamannaskálanum. Hann hefur síðan verið virkur á sýningavettvangi. Auk málverka liggja eftir Kristin grafíkverk, þar sem hann sækir efni í gamlan íslenskan útskurð og vefnað. Hann hefur myndskreytt fjölda bóka, m.a. *Nonnabækur* og þjóðsögur.

„Ég hefi árum saman gengið til litgrasa og forma í brekkurnar og heiðina sem við mér blasa dag hvern og í spegil Pollsins og í vaðlana, ofið saman litbrigði jarðarinnar með mínum hætti. Í þessum nýlegu málverkum leitar landslagið og málverkið eins konar jafnvægis, sátta.“

Sýningarstjóri: Brynhildur Kristinsdóttir.

Kristinn G. Jóhannsson (born 1936) is an Akureyrian who graduated from Akureyri Junior College 1956. He studied visual art in Akureyri, Reykjavík and Edinburgh College of Art. He finished a Diploma in Education 1962 and worked as a teacher and a principal for close to four decades. Jóhannsson's first exhibition was in Akureyri 1954, but his first one in Reykjavík 1962 in Bogasalur at The National Museum. The same year he participated in the Fall-exhibition held by the *Association of Icelandic Visual Artists (FÍM)* in Listamanna skálinn. He has ever since been active in exhibiting his work. His paintings and graphics are inspired by old Icelandic carving and weaving. He has illustrated numerous books, such as books about *Nonni* and Folktales.

”For years I have searched the hills and moor that face me every day for colors and motives, and reflections in the Pollurinn and the vaðlar, and woven together earths colorful nuances in my own way. In those new works the landscape and the paintings endeavor to find a balance, peace.”

Curator: Brynhildur Kristinsdóttir.



Sigtryggur Berg Sigmarsson, *Das ist keine Musik*, frá A! 2021 / From A! 2021.

A! GJÖRNINGAHÁTÍÐ

A! PERFORMANCE FESTIVAL

A!


06.10.2022 – 09.10.2022

A! er fjögurra daga alþjóðleg gjörningahátíð sem haldin er árlega, nú í áttunda sinn. Hátíðin er samvinnuverkefni Listasafnsins á Akureyri, Leikfélags Akureyrar, Menningarhússins Hofs, LÓKAL alþjóðlegrar leiklistarhátíðar, Gilfélagsins, Listnámsbrautar Verkmenntaskólans á Akureyri og Kynningarmiðstöðvar íslenskrar myndlistar.

Fjölbreyttir gjörningar og leikhústengd verk af öllum toga eru á dagskránni. Þátttakendur A! Gjörningahátíðar eru ungir og uppnennandi listamenn, ásamt reyndum og vel þekktum gjörningalistamönnum og leikhúsfólki. Á meðal þeirra sem komið hafa fram á A! eru Kristján Guðmundsson, Gjörningaklúbburinn, Elisabeth Raymond, Katrín Gunnarsdóttir, Rán Flygenring, Paola Daniele, Brák Jónsdóttir, Snorri Ásmundsson, Florence Lam og Kviss búmm bang.

A! is a four-day international performance festival held every year, now for the eighth time. The festival is a collaboration between Akureyri Art Museum, Akureyri Culture Society, Akureyri Theater, LÓKAL International Theater Festival, Reykjavík Dance Festival and Icelandic Art Centre.

A variety of performances and theatre-based projects of all kinds are on the agenda. Participants are young up-and-coming artists as well as experienced and well-known performance artists and theatre professionals. Among those who have participated in A! are Kristján Guðmundsson, Gjörningaklúbburinn, Elisabeth Raymond, Katrín Gunnarsdóttir, Rán Flygenring, Paola Daniele, Brák Jónsdóttir, Snorri Ásmundsson, Florence Lam og Kviss búmm bang.



Valtýr Pétursson, *Án titils / No title*, 1950-60 (hluti úr verki / detail).

STOFN FOUNDATION

Safneign Listasafns Háskóla Íslands University of Iceland Art Collection

03.12.2022 – 20.11.2023

Listasafn Háskóla Íslands var stofnað 1980. Líkt og mörg háskólalistasöfn erlendis byggir það safneign sína að hluta til á gjöfum. Stofngjöf hjónanna Ingibjargar Guðmundsdóttur (1911-1994) og Sverris Sigurðssonar (1909-2002) vegur þar þyngst, en alls gáfu þau safninu um 1200 verk. Listaverkagjafir þeirra til safnsins eru meðal verðmætustu gjafa sem Háskóla Íslands hafa borist. Einnig hafa ýmsir íslenskir listamenn eða dánarbú þeirra gefið safninu verk sín. Að öllu samanlögðu hafa Listasafni Háskóla Íslands verið gefin hátt í 1300 listaverk. Með innkaupum safnsins hefur verið aukið við listaverkageignina og á Listasafn Háskóla Íslands nú um 1550 listaverk sem reglulega eru til sýnis í byggingum háskólans.


Stofngjöfin til Listasafns Háskóla Íslands var að stórum hluta fjölmörg abstraktverk frá miðbiki og seinnihluta 20. aldar, sem lagði grundvöll að einstöku safni. Á þessari sýningu verða sýnd abstraktverk eftir listamenn eins og Þorvald Skúlason, Karl Kvaran, Hörð Ágústsson, Guðmundu Andrésdóttur, Eyborgu Guðmundsdóttur o.fl.

Sýningarstjóri: Kristján Steingrímur Jónsson.

University of Iceland Art Collection was founded in 1980. Like many university art collections abroad, University of Iceland bases its collection partly on donations. The founding collection, donated by the couple Ingibjörg Guðmundsdóttir (1911-1994) and Sverrir Sigurðsson (1909-2002) weighs the most. They donated close to 1200 artworks to the collection which are among the most valuable gifts that the University of Iceland has received. Some Icelandic artists, or their estates, have also donated their artworks to the collection. The University of Iceland has altogether received 1300 artworks through donations. By adding the artworks that have been purchased, the collection now consists of 1550 artworks, which are exhibited regularly in the university buildings.

The founding collection was mostly made up of numerous abstract works from mid and second half of the 20th century, which laid the foundation for a unique collection. At this exhibition abstract works by artists such as Þorvaldur Skúlason, Karl Kvaran, Hörður Ágústsson, Guðmunda Andrésdóttir, Eyborg Guðmundsdóttir and others, will be shown.

Curator: Kristján Steingrímur Jónsson.



Skýjahillur, 2018.

KRISTÍN JÓNSDÓTTIR

frá Munkaþverá



Vatnið og landið

The Water and The Land

03.12.2022 – 12.03.2023

Kristín Jónsdóttir er fædd á Munkaþverá í Eyjafirði 1933. Hún stundaði nám í Handíða- og myndlistaskólanum í Reykjavík 1949-1952 og 1954-1957 var hún nemandi við textíildeild Kunsthåndværkerskolen í Kaupmannahöfn. Kristín stundaði nám í École des Arts Italiennes og Atelier Freundlich í París 1959 og veturinn 1963-1964 var hún á Ítalíu við nám í Università per Stranieri í Perugia.

Kristín hefur haldið yfir 20 einkasýningar á Íslandi, í Bandaríkjunum og Kanada. Einnig hefur hún tekið þátt í fjölda samsýninga, bæði hér á landi og erlendis. Verk eftir Kristínu má finna í helstu listasöfnum landsins og einnig í söfnum í Evrópu og Bandaríkjunum. Hún hefur hlotið ýmis verðlaun og viðurkenningar, meðal annars silfurverðlaun Alþjóðlega textíllífræðingsins í Łódź í Póllandi 1992. Kristín hlaut heiðursviðurkenningu Myndlistarráðs 2021 fyrir framlag sitt til íslenskrar myndlistar.

Sýningarstjóri: Hlynur Hallsson.

Kristín Jónsdóttir was born at Munkaþverá in Eyjafjörður 1933. She studied at The Reykjavík College of Craft and Art 1949-1952, and 1954-1957 she studied at the textile department of The Royal Danish Academy of Fine Arts, School of Design in Copenhagen. Jónsdóttir studied at École des Arts Italiennes and Atelier Freundlich in Paris 1959, and during the winter of 1963-1964 she studied in Italy, at Università per Stranieri in Perugia.

Kristín Jónsdóttir of Munkaþverá has held over 20 solo exhibitions in Iceland, the US and Canada. She has participated in numerous group exhibitions in Iceland and abroad. Her work can be found in the major art museums in Iceland, as well as in Europe and the US. Jónsdóttir has also won numerous prizes and recognitions, such as the silver-prize at the International Textile Triennial in Łódź, Poland 1992, as well as the Honorary Award of the Icelandic Visual Arts Council 2021, for her contribution to Icelandic visual arts.

Curator: Hlynur Hallsson.



Dagmar Dyck, *Pandanus*, 2018.

SOLANDER 250: BRÉF FRÁ ÍSLANDI

SOLANDER 250: A LETTER FROM ICELAND

Samsýning

Group Exhibition

03.12.2022 – 29.01.2023

Sýningin *Solander 250: Bréf frá Íslandi* er sett upp til að minnast þess að 2022 eru 250 ár liðin frá einum fyrsta erlenda vísindaleiðangrinum til Íslands, 1772. Með í þeirri för var einn af lærisveinum hins heimsþekhta sænska náttúruvísindamanns Carl Linnaeus, sænski náttúrufræðingurinn Daniel Solander. Solander og félagar skrásettu m.a. ýmislegt um náttúru Íslands, menningu, siði og klæðaburð. Tíu íslenskir grafíklistamenn túlka á sýningunni þessa atburði og þær breytingar sem hafa átt sér stað á landi og þjóð.


Á sama tíma verður sýningin *Paradise Lost – Daniel Solander's Legacy* opnuð. Þar sýna 10 listamenn frá Kyrrahafssvæðinu, en Solander var í áhöfn HMS Endeavour í fyrstu ferð Evrópumanna til Ástralíu. Sýningin hefur áður verið sett upp á Nýja Sjálandi, í Ástralíu og Svíþjóð. Sýningarnar tvær mynda því einstakt samtal Norðurskautsins og Kyrrahafsins í gegnum ferðir Daniel Solanders. Sýningarnar tvær eru samstarfsverkefni Sendiráðs Svíþjóðar á Íslandi og félagsins Íslensk grafík.

Þátttakendur: Anna Línal, Aðalheiður Valgeirsdóttir, Daði Guðbjörnsson, Gíslína Dögg Bjarkadóttir, Guðmundur Ármann Sigurjónsson, Iréne Jensen, Laura Valentino, Soffía Sæmundsdóttir, Valgerður Björnsdóttir, Viktor Hannesson, John Pusateri, Alexis Neal, Dagmar Dyck, John McLean, Tabatha Forbes, Michel Tuffery, Sharnae Beardsley, Jo Ogier, Lynn Taylor, Jenna Packer.

The exhibition *Solander 250: A Letter from Iceland* is held in remembrance of one of the first foreign scientific expeditions to Iceland, in 1772, i.e. 250 years ago. On this journey was one of Carl Linnaeus's apostles, the Swedish natural scientist Daniel Solander. Among the things Solander and his fellow travellers recorded in Iceland were nature, culture, traditions, and clothing. Ten Icelandic graphic-artists will interpret these events from 1772 and how the nation and the country have changed since then.

Simultaneously the exhibition *Paradise Lost – Daniel Solander's Legacy* will be opened. Solander was the main botanist on the HMS Endeavour on the first European expedition to Australia. The exhibition has already been set up in New Zealand, Australia, and Sweden. The two exhibitions thus form a unique dialogue between the Arctic and the Pacific through Daniel Solander's travels. The two exhibitions are a collaborative project of the Swedish embassy in Iceland and the Icelandic Printmakers Association.

Participants: Anna Línal, Aðalheiður Valgeirsdóttir, Daði Guðbjörnsson, Gíslína Dögg Bjarkadóttir, Guðmundur Ármann Sigurjónsson, Iréne Jensen, Laura Valentino, Soffía Sæmundsdóttir, Valgerður Björnsdóttir, Viktor Hannesson, John Pusateri, Alexis Neal, Dagmar Dyck, John McLean, Tabatha Forbes, Michel Tuffery, Sharnae Beardsley, Jo Ogier, Lynn Taylor, Jenna Packer.



Með árskortu að **Listasafninu á Akureyri** færðu aðgang að öllum sýningum árið um kring fyrir aðeins 4.200 kr. frá og með kaupdegi

**N4 ER EKKI BARA SJÓNVARP.
N4 ER ÞAR SEM ÞÚ VILT ÞEGAR ÞÚ VILT.**

N4



LISTASUMAR 2022

ART SUMMER 2022

MYNDLIST
TÓNLIST
LEIKLIST
BÓKMENNTIR
HÖNNUN
SÝNINGAR
UPPÁKOMUR
GJÖRNINGAR
LISTSMÍÐJUR FYRIR BÖRN

VISUAL ART
MUSIC
THEATRE
LITERATURE
DESIGN
EXHIBITIONS
EVENTS
PERFORMANCES
CHILDREN'S WORKSHOPS



Útgáfa í yfir hálfa öld!

DAGSKRÁIN

dagskrain@dagskrain.is | 697 6608 | vikubladid.is

VIKUBLADID.IS

VIKUBLADID



Auglýsingar í Dagskránni bera árangur!

Dagskráin er borin út á öll heimili og fyrirtæki á Akureyri, Svalbarðseyri, Grenivík, Árskógssandi, Hauganesi og Hjalteyri. Auk þess er hana að finna í ýmsum verslunum á Norður- og Austurlandi

Hafðu samband ef þú vilt auglýsa:
dagskrain@dagskrain.is
eða í síma 697 6608

LEIÐSÖGN


GUIDED TOUR

**Leiðsögn alla
fimmtudaga**

Guided tour every
Thursday

Nánari upplýsingar
For more info

listak.is



**Vandaður og skemmtilegur
fjölmiðill er gulls ígildi**



akureyri
Oftast sólarmegin **.NET**

Litla prent

Stórt verk lítið mál



Flestar gerðir límniða



FORVINNSLA



PRENTUN



FRÁGANGUR

Litlaprent ehf. | Miðaprent ehf. | Skemmuvegi 4 | 200 Kópavogi
Sími 540 1800 | Fax 540 1801 | litlaprent@litlaprent.is | midaprent@midaprent.is

[RUB23]
RESTAURANT
FISH - MEAT - SUSHI




B
BAUTINN
- Veitingastaður síðan 1971 -



*Gilið
hefur upp á
svo margt að bjóða*



**PIZZA
SMÍÐJAN**
- ELDBAKAÐAR OG STÖKKAR -



**SUSHI
CORNER**

Listasafnið á Akureyri er í eigu Akureyrarbæjar og starfar í þágu almennings. Rekstrarkostnaður safnsins greiðist úr bæjarsjóði í samræmi við fjárhags- og starfsáætlun ár hvert.

Akureyri Art Museum is run by Akureyri municipality for the interest of the public. Operational costs are covered by the municipal treasury in accordance with the yearly budget.



Mynd við inngang safnstjóra: Frá sýningu Heklu Bjartar Helgadóttur, *Villiljóð*.
Photo by director's foreword: From Hekla Björt Helgadóttir's exhibition, *The Wild Poem*.

Mynd á miðopnu: Frá A! 2021, Elisabeth Raymond, Amber Smits og Niklas Niki Blomberg.
Midsection photo: From A! 2021, Elisabeth Raymond, Amber Smits and Niklas Niki Blomberg.

Árbók Listasafnsins á Akureyri 2022 skartar fjórum mismunandi forsiðum.
Akureyri Art Museum's Program-booklet 2022 has four different covers.



Agnieszka Sosnowska
Winter's Wash
2005




Guðmunda Andréadóttir
Pulur
1972



Helgi Þorgils Friðjónsson
Tvöföld sjálfsmynd - líf á jörðu
2021



Rebekka Kühnis
Moss
2021



Það sést á brosinu.



Starfsfólk Employees

Hlynur Hallsson

Safnstjóri
Director

Guðrún Pálína Guðmundsdóttir

Fræðslufulltrúi
Museum education

Haraldur Ingi Haraldsson

Verkefnastjóri
Project manager

Heiða Björk Vilhjálmsdóttir

Fræðslufulltrúi
Museum education

Hlynur F. Þormóðsson

Kynningarstjóri
PR & web

Ingvar Haraldsson

Húsvörður
Janitor

Sigríður Trampe

Umsjón móttöku og safnbúðar
Reception / Museum store

Þorbjörg Ásgeirsdóttir

Safnfulltrúi
Museum coordinator

Álfheiður Þórhallsdóttir

Móttaka
Reception

Bergþóra Aradóttir

Móttaka
Reception

Þorri Birgisson

Móttaka
Reception

Listasafnsráð

Advisory Board of Akureyri Art Museum

Hilda Jana Gísladóttir

Rósa Kristín Júlíusdóttir

Aðalsteinn Þórssón

Haraldur Ingi Haraldsson

Áheyrnarfulltrúi starfsmanna Listasafnsins
Observer, member of staff

Bæjarráð myndar stjórn Listasafnsins á Akureyri

Akureyri town council acts as an Executive Board for Akureyri Art Museum

Guðmundur Baldvin Guðmundsson

formaður chairman

Gunnar Gíslason

Halla Björk Reynisdóttir

Hilda Jana Gísladóttir

Hlynur Jóhannsson

Sóley Björk Stefánsdóttir

áheyrnarfulltrúi observer

Útgefandi Publisher

Listasafnið á Akureyri Akureyri Art Museum

Ritstjóri Editor

Hlynur F. Þormóðsson

Hönnun Design

Cave Canem hönnunarstofa

Þýðing Translation

Þorbjörg Ásgeirsdóttir

Prentun Print

Litlaprent umhverfissvottuð prentsmiðja

ISBN 978-9935-9524-5-5

Ljósmyndir Photographs

Daníel Starrason

Maja Jareck


listamenn artists

Aðgangseyrir	kr. 1.900
Árskort	kr. 4.200
Árskort +1	kr. 6.900
Árskort í áskrift	kr. 3.600
Árskort í áskrift +1	kr. 5.900
Vinir Listasafnsins	kr. 5.000
Eldri borgarar og námsmenn	kr. 950

Frítt fyrir 18 ára og yngri, öryrkja og meðlimi í FÍSOS, SÍM, ICOM og Gilfélaginu

Admission	ISK 1.900
Season ticket	ISK 4.200
Season ticket +1	ISK 6.900
Season ticket, subscription	ISK 3.600
Season ticket +1, subscription	ISK 5.900
Friends of Akureyri Art Museum	ISK 5.000
Senior citizens and students	ISK 950

Free admission for 18 and under, disabled people and members of FÍSOS, SÍM, ICOM and the Gil Society



opið

kl. 12-17
alla daga

open

12 noon-5 pm
every day